

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Miðvangur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 1. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Miðvangur 18, 20 og 22 breytist úr svæði fyrir þjónustustofnanir í íbúðarsvæði.
- Landnotkun á hluta svæðis milli Austurlandsvegur og Miðvangs breytist úr blandaðri landnotkun, þjónustustofnanir/athafnasvæði, í miðsvæði.
- Lega göngustígs á suðurhluta svæðisins færast til vesturs milli íbúðarsvæðis og miðsvæðis.
- Ný aðkoma verður frá Hringvegi 1 að Miðvangi um 200 m norðan við Fagradalsbraut.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 1. mars 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

19. febrúar 2004

Nr. 218

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit á Akranesi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 5.700.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.700 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins. Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

4. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði kaupstaðarins í hverju úrskurðarmáli.